



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjori@myv.is

Landbúnaðar- og girðinganefnd

2. fundur.

Fundur haldinn í landbúnaðar- og girðinganefnd, 13. ágúst 2014 kl: 16:00.

Mættir: Böðvar Pétursson, Halldór Árnason, Sólveig E. Hinriksdóttir og Birgir V. Hauksson fjallskilastjóri.

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Niðurjöfnun gangna.
Jafnað var niður göngum á Austurafrétti, 150 dagsverk.
Farið verður í fyrstu göngur á Suðurafrétt og í Krákárbakkahólf 29. ágúst og Baldursheimsrétt verður 31. ágúst.
Farið verður í fyrstu göngur í Gæsafjöll 31. ágúst. Farið verður í fyrstu göngur á Austurafrétt 5. september og réttað í Hlíðarrétt 7. september.
Aðrar göngur verða á alla afrétti 20. og 21. september, þriðju göngur verða 27. og 28. september. Sjá nánar í öðrum fyrirmælum og gangnaseðli fskj. 1. og 2.
3. Landbótaráætlun:
Nefndin fór yfir kort frá Landgræðslunni sem sýnir hvernig þeir meta landið.
Gerðar vor ellefu athugasemdir sjá nánar í fskj. 3.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:15

Böðvar Pétursson

Halldór Árnason

Sólveig E. Hinriksdóttir

Birgir V. Hauksson